

**Fundargerð 35. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 7. apríl 2017, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.**

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Magnea Guðmundsdóttir, Berglind Kristinsdóttir, Sigrún Elefsen, Þuríður H. Aradóttir og Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri).

**1. Styrkir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða**

Reykjanes Geopark fékk styrk að upphæð 18.500.000 kr. úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til skipulagsvinnu og framkvæmda við Gunnuhver. Eins fékkst styrkur að upphæð 3.520.000 kr. til skipulagsvinnu og endurnýjunar tréverks við Brú milli heimsálfa. Vinna er hafin við bæði verkefni. Óskað hefur verið eftir rökstuðningi vegna þeirra styrkumsókna sem var hafnað.

**2. Framkvæmdir við áningarstaði**

Framkvæmdum er lokið í bili við nýtt bílaplan við Reykjanesvita og framkvæmdir við Brimketil eru langt komnar. Rætt var um þær framkvæmdir sem nauðsynlegt er að ráðast í á næstu mánuðum.

**3. 39. fundur EGN Coordination Committee**

Dagana 23. og 24. mars fór fram vorkfundur EGN Coordination Committee í Burren and Cliffs of Moher Geopark á Írlandi. Fyrir hönd Reykjanes Geopark sóttu fundinn Eggert Sólberg Jónsson verkefnastjóri og Sverrir Guðmundsson frá Keili. Eggert sagði frá því helsta sem rætt var um á fundinum.

**4. Geopark vika 29. maí -3. júní 2017**

Verkefnastjóri sagði frá fyrstu hugmyndum að dagskrá Geopark viku 29. maí -3. júní nk.

**5. DMP Reykjanes**

Rætt um stöðu verkefnisins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.

Fundargerð ritaði: ESJ